

Fyrirspurn

til menntamálaráðherra um framkvæmd laga um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvernig hefur tekist til með framkvæmd laganna um skoðun kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum?
2. Hvernig hefur Kvikmyndaskoðun gengið að framfylgja úrskurðum sínum um bann við að sýna börnum tiltekna kvikmyndir, sbr. 3. gr. laganna, og liggur fyrir hve oft banni Kvikmyndaskoðunar hefur ekki verið framfylgt sl. tvö ár?
3. Hafa barnaverndarnefndir og löggæslumenn haft reglubundið eftirlit með því að úrskurðum Kvikmyndaskoðunar sé framfylgt og hvaða úrræði eru tiltæk ef þeim er ekki fylgt?
4. Hvaða fjármagni er varið í eftirlit með framkvæmd laganna og er það fullnægjandi að mati þeirra sem eiga að framfylgja þeim?
5. Áformar ráðherra að leggja til breytingar á lögunum til að tryggja skilvirkari framkvæmd þeirra og annarra laga sem kveða á um vernd barna gegn ofbeldisfullu eða skaðlegu efni jafnt í kvikmyndahúsum, sjónvarpi eða á netinu?